

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hraunhrepps í Borgarbyggð.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Hraunhrepps er 34.300 kr. af hverju íbúðarhúsi og sumarhúsi sem tengd eru vatnsveitunni.

2. gr.

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. gr. skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur 37,61 kr./m³. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5 l/dag
Geldneyti	26 l/dag
Kálfar	13 l/dag
Kýr	65 l/dag
Hross	17,5 l/dag
Svín	10 l/dag
Grísir	5 l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

3. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 1. maí og eindagi mánuði síðar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

5. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 94/2024. Samþykkt af stjórn Vatnsveitu Hraunhrepps 9. desember 2024 og sveitarstjórn Borgarbyggðar 12. desember 2024.

Borgarnesi, 13. desember 2024.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2025